

ÞINGEYJAR SVEIT

**HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?**



OKTÓBER 2024

VELKOMIN Í NÝTT STJÓRNSÝSLUHÚS!

Síðustu vikur hefur starfsfólk sveitarfélagsins verið að koma sér fyrir í nýju stjórnsýsluhúsi á Laugum. Mikil tilhlökkun er í starfsmannahópnum að bjóða íbúum og gestum í opið hús 15. nóvember nk. frá kl. 14-18.

Vinna við fjárhagsáætlun næsta árs stendur nú sem hæst og fyrirhugaðir eru vinnufundir með sveitarstjórn. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun verður þann 28. nóvember nk. Seinni umræða fer fram 12. desember sem er síðasti fundur sveitarstjórnar fyrir jól.

Rafmagnsleysið 2. október hafði gríðarleg áhrif í sveitarfélaginu, sér í lagi í Mývatnssveit. Rarik hefur yfirtekið tjónaúrvinnsluna og ljóst er að allt það tjón sem íbúar, fyrirtæki og stofnanir urðu fyrir verður bætt að fullu en nauðsynlegt er að senda þeim umbeðin gögn svo hægt sé að ganga frá greiðslu. Tilkynningar eru sendir inn á meðfylgjandi tengli: [RARIK - Kvörtun vegna rafmagnsgæða og tjóns vegna spennu.](#)

Nú í vikunni bauð starfsfólk skrifstofunnar nýjum nágrönnum sínum, krökkum og starfsfólki Krílabæjar í heimsókn í nýja stjórnsýsluhúsið. Var glatt á hjalla og komu börnin færandi hendi með blóm sem þau höfðu búið til og sungu svo fallega fyrir okkur. Að því loknu var boðið upp á hressingu og leiðsögn um húsið undir styrki leiðsögn Gísla „afa“ þeirra flestra. Var þetta skemmtileg heimsókn sem lífgaði aldeilis upp á daginn og við þökkum kærlega fyrir komuna.

Við breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs er óheimilt að urða lífrænan úrgang með öðru sorpi. Umhverfisnefnd hefur unnið ótulllega að því að leita leiða um meðhöndlun lífræns úrgangs í Þingeyjarsveit. Sorphringur í sveitarfélaginu er um 1.100 km. og því mun söfnun lífræns úrgangs hafa mikinn kostnaðarauka í för með sér. Nefndin telur því ekki fýsilegt að sækja lífrænan úrgang á öll heimili ef litið er til kostnaðar og umhverfisáhrifa. Nefndin hefur því verið að kynna sér aðra kosti s.s. notkun jarðgerðarvéla og var farið í tilraunaverkefni því tengdu með nokkrum heimilum í sveitarfélaginu, ásamt því að skoða fleiri möguleika. Nú er boðað til íbúafundar þar sem kynntar verða mögulegar útfærslur á söfnun lífræns úrgangs og mikilvægt er að fá sjónarmið íbúa þegar um svona stór og kostnaðarsöm mál er um að ræða. Hvetjum við íbúa til að sækja þessa fundi sem verða haldnir á þremur stöðum í sveitarfélaginu og í fjarfundi.

Þann 30. nóvember nk. verður kosið til Alþingis. Í Þingeyjarsveit verður kosið á tveimur stöðum, í Ljósveitningabúð og í Mývatnssveit. Utankjörfundaatkvæðagreiðsla hefst miðvikudaginn 20. nóvember og verður í stjórnsýsluhúsinu á Laugum og ÍMS.

Minni aftur á opna húsið 15. nóvember nk. Hlakka til að hitta ykkur sem flest.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.



Takk börn og starfsfólk Krílabæjar!

BLEIKUR OKTÓBER

Starfsfólk skrifstofunnar tók að sjálfsögðu þátt í bleika deginum.

Efri röð frá vinstri: Jóhanna Magnea Stefánsdóttir, Margrét Hólm Valsdóttir, Gísli Sigurðsson, Margrét Snorradóttir, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Neðri röð frá vinstri: Sigrún Marinósdóttir, Valdís Lilja Stefánsdóttir, Ingimar Ingimarsson, Rögnvaldur Harðarson og Ásta F. Flosadóttir.



UNGMENNAPING SSNE


Dagana 14. og 15. október 2024 var haldið ungmennaping SSNE í Reykjadal, þar sem 32 ungmenni á aldrinum 13–18 ára komu saman. Þessi ungmenni eiga það sameiginlegt að vera fulltrúar í ungmennaráðum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Með þeim í för voru níu starfsmenn, ásamt verkefnastjórum SSNE. Markmið ungmennapingsins er að valdefla ungt fólk, styrkja tengsl þeirra við hvert annað og efla samvinnu á milli sveitarfélaga.

Myrra Leifsdóttir, verkefnastjóri æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála í Þingeyjarsveit, fylgdi fjórum fulltrúum Þingeyjarsveitar á þingið, þeim Lilju Rós Sæþórsdóttur, Amelíu Ásdísi Kozaczek, Kristjáni Brynjólfssyni og Júlíu Brá Stefánsdóttur.

Í gegnum viðburðinn tóku ungmennin þátt í fjölbreyttum vinnustofum. Lýðræðislestin kom frá Alþingi og hélt vinnustofu um mikilvægi lýðræðis og hvernig frumvarp fer í gegnum Alþingi. Bergið headspace fjallaði um andlega heilsu ungmenna og fulltrúar frá Samfés fjölluðu um samstarf félagsmiðstöða og ungmennahúsa á landsvísi. Sigríður frá Mögnum hélt svo sjálfsefandi vinnustofu og fræðslu um teymisvinnu. Þau fengu einnig innsýn í hvernig hægt er að nýta lýðræðislega þátttöku til að hafa áhrif á eigið samfélag.

Virkilega fræðandi dagar hjá unga fólkinu okkar en þátttaka í slíkum viðburði eykur skilning ungmenna á stjórnsýslu og lýðræðislegri þátttöku, sem er grunnurinn að sterku samfélagi.

Lestu meira um þingið [hér](#).



Glæsilegir fulltrúar Þingeyjarsveitar á þinginu.

ÞINGEYJARSVEIT HLÝTUR JAFNLAUNAVOTTUN

Þingeyjarsveit hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST85. Vottunin er staðfesting á því að jafnlaunakerfi Þingeyjarsveitar uppfylli kröfur jafnlaunastáðalsins og með vottuninni hefur Þingeyjarsveit öðlast heimild Jafnréttisstofu að nota jafnlaunamerkið til næstu þriggja ára.

„Jafnlaunavottunarferlið hófst í lok árs 2023 með endurskoðun á launakerfi Þingeyjarsveitar ásamt gagnaöflun.

Mikil vinna var lögð í að skilja það sem staðallinn kveður á um og aðlaga verklagsreglur að launakerfi sveitarfélagsins. Ávinningurinn er þó mikill þar sem jafnlaunavottun stuðlar að auknu trausti meðal starfsmanna ásamt því að um er að ræða viðurkenningu á því að tryggt er að starfsmenn fái sanngjarna og jafna launagreiðslu fyrir sambærileg störf.“ segir Margrét Hólm Valsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.



SUÐURFERÐ SVEITARSTJÓRA OG ODDVITA

Gerður Sigtryggisdóttir, oddviti sveitarfélagsins og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri áttu nýverið afar góðan fund með Arnari Guðmundssyni, fagstjóra fjárfestinga, og Magnúsi Halldórssyni, viðskiptastjóra orku og grænna lausna hjá Íslandsstofu. Tilgangur fundarins var að kynna þau fjölmörgu tækifæri sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi.

Á fundinum var meðal annars rætt hvernig hægt væri að nýta auðlindir sveitarfélagsins til að skapa sjálfbær störf. Mikil tækifæri eru í grænum lausnum og fjárfestingum sem bæði styðja við loftslagsmarkmið og styrkja efnahag svæðisins.

Eitt af hlutverkum Íslandsstofu er að kynna Ísland sem áhugaverðan kost fyrir erlenda fjárfesta. Meðal áherslna hjá Íslandsstofu er fjölnýting jarðvarma svo tækifærin í Þingeyjarsveit eru mikil.

Fundurinn skapar vonir um aukið samstarf við Íslandsstofu og fjárfesta sem áhuga hafa á að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem sveitarfélagið býður upp á. Að loknum fundi náðist mynd af þeim stöllum ásamt Magnúsi sem er borinn og barnfæddur Þingeyingur og þekkir því vel til þeirra tækifæra sem hér er að finna. Þríeykið er bjartsýnt og staðráðið í að stuðla að atvinnuþróun og aukinni nýtingu grænna lausna í sveitarfélaginu.



Ragnheiður Jóna, Magnús og Gerður.



**OPÍÐ HÚS Í NÝJU STJÓRNSÝSLUHÚSI Á LAUGUM
15. NÓVEMBER FRÁ KL. 14-18.**

SPJALL, VEITINGAR, GLEÐI OG GLAUMUR

-NÝTT NAFN Á STJÓRNSÝSLUHÚSIÐ VERÐUR OPINBERAÐ-

**VERIÐ ÖLL HJARTANLEGA VELKOMIN AÐ GLEÐJAST MEÐ OKKUR
Í NÝJUM HEIMKYNNUM SKRIFSTOFUNNAR.**

FARSÆLT SAMSTARF VIÐ MÝVATNSSTOFU


Um síðustu áramót gerðu Þingeyjarsveit og Mývatnsstofa samstarfssamning þar sem Mývatnsstofa tók að sér kynningarstarf fyrir sveitarfélagið. Í samningnum er m.a. kveðið á um aukna upplýsingamiðlun til íbúa. Ávinningurinn af samstarfinu hefur þegar sannað sig og hefur sýnileiki Þingeyjarsveitar aukist verulega. Þetta hefur ekki aðeins skapað jákvæða ímynd fyrir svæðið, heldur einnig stuðlað að betra upplýsingaflæði til íbúa sveitarfélagsins.

Aukin umferð á heimasíðu Þingeyjarsveitar og fjölgun fylgjenda á samfélagsmiðlum ásamt reglulegri fréttaskrifum þýðir að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar fá nú mun meiri og reglulegri upplýsingar um það sem er að gerast í sveitarfélaginu. Samstarfið hefur gert sveitarfélaginu kleift að miðla upplýsingum um viðburði, þjónustu og annað sem varðar daglegt líf íbúa betur en áður. Þá hefur fréttabréfið slegið í gegn og mörg hundruð lesningar eru á hverju fréttabréfi.

„Aukin miðlun fréttu og upplýsinga um starfsemi sveitarfélagsins gerir það að verkum að íbúar eru betur upplýstir um það sem er verið að vinna að hverju sinni“ segir Ragnheiður Jóna, sveitarstjóri. Árangurinn af samstarfi við Mývatnsstofu lofar góðu og gefur vonir um enn frekari sýnileika á komandi misserum.

Við leyfum tölunum að tala og sýnum dæmi um ávinning. Á myndinni má sjá umferð um heimasíðu Þingeyjarsveitar fyrstu sex mánuði ársins 2024, eftir að Mývatnsstofa tók við kynningarkeflinu, saman borið við heimsóknir sömu mánuði árið 2023. Heimsóknir stakra gesta eru í takt við þessa fjölgun, það er, það eru fleiri einstaklingar sem skoða heimasíðuna en áður.

Þingeyjarsveit.is / Fjöldi heimsóknna á mánuði



Þær stófréttir hafa borist að þrjár rísa stjórnur í alþjóðlega tónlistarheiminum munu sækja okkur heim um páskana! Fyrst skal nefna sópransöngkonuna Laetitia Grimaldi, sem nýtur mikillar velgengni í óperuheiminum sem og fyrir ljóðasöng. Þá er það Ammiel Bushakevitz sem er meðal eftirsóttustu píanóleikara í heiminum í dag og síðast en ekki síst mætir Kristinn Sigmundsson bassasöngvari sem óþarft er að kynna en hann er virkur sem aldrei fyrr eftir langan og farsælan söngferil. Frá árinu 1998 hefur tónlistarhátíðin *Músík í Mývatnssveit* verið haldin árlega í dymbilvikunni og undirbúningur að næstu hátíð er kominn langt á veg.

Aðrir þátttakendur á hátíðinni verða Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari sem einnig stjórnar hátíðinni, ásamt þremur strengjaleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Takið 17. og 18. apríl 2025 frá!



SAMSKÓLADAGAR

Í lok október var samskóladagur grunnskólanna í Þingeyjarsveit. Á samskóladegi vinna starfsfólk og nemendur skólanna þriggja í sveitarfélaginu saman, bæði við að undirbúa daginn og á deginum sjálfum og er það m.a. liður í að efla tengsl og samstarf skólanna.

Að þessu sinni hittist yngsta stigið í Stórutjarnaskóla, miðstigið í Þingeyjarskóla og unglíngastigið í Reykjahlíðarskóla.

Á öllum stöðum var mikið líf og fjör og óhætt að segja að krakkarnir hafi notið samveru hvers annars í leik og starfi.

Gleði og jákvæðni einkenndi daginn og allir hlakka til áframhaldandi samstarfs.



Miðstigið hittist í Þingeyjarskóla.

Leitar plantan þín að nýju heimili?

Þingeyjarsveit óskar eftir plöntum/stofublómum í nýtt stjórnsýsluhús.

Ef þú átt plöntu sem þú hefur ekki pláss fyrir lengur máttu endilega hafa samband í thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is

MEIRA UM RAFMAGNSLEYSI OG EFTIRMÁLA

RARIK hefur ákveðið að taka yfir öll samskipti og umsýslu vegna tjónatilkynninga í kjölfar truflana í kerfi Landsnets 2. október sl., í samvinnu við tryggingarfélag sitt, TM.

Hvernig verður tjónið metið?

RARIK mun greiða viðskiptavininum sínum bætur fyrir ónýtt tæki í samræmi við verð á nýju tæki í sambærilegum gæðaflokki. Tekið skal fram að ekki er skylt að nýta bótafé til að kaupa ný tæki.

Hvað með tæki sem eru biluð en ekki ónýtt?

RARIK mun greiða bætur vegna tækja sem hafa bilað í kjölfar truflunarinnar en hægt er að gera við, þ.e.a.s. vegna varahluta og vinnu við viðgerðir. Bilanir á tækjum skal tilkynna eins og hvert annað tjón. Viðskiptavinir eru beðnir um að senda allar kvittanir vegna viðgerða og varahluta á rarik@tm.is svo hægt sé að taka þær inn í úrvinnslu tilkynninga.

Þetta og fleiri spurningar ásamt svörum birtist í tilkynningu frá RARIK, sem má lesa [hér](#).

HVER ER HERMANN PÉTURSSON?

Hermann er umsjónarmaður áhaldahúss og veitna

„Ég er fæddur og uppalinn í Fellshlíð í Reykjadal og bý nú í föðurhúsunum. Ég gekk í Laugaskóla og var mörg ár í fiskinum. Ég prófaði að búa í Reyjavík í smá stund, það gekk illa enda hvergi betra að vera heldur en hér. Ég hef gengið í hin ýmsu verk hér í heimabyggð, þar sem rauði þráðurinn eru vélar og rafmagn, meðal annar rak ég verkstæði hér á Laugum um tíma. Ég er kvæntur Önnu Geirlaugu Kjartansdóttur frá Baldursheimi og eigum við eitt fósturbarn, hana Védísi Mjöll. Fjallaferðir hafa alltaf verið sérstakt áhugamál hjá mér og að sjálfsgöðu vélar almennt. Það sem færri vita er að ég hef mjög gaman af allskyns ræktun, hvort sem það eru blóm eða grænmeti. Sérstaklega finnst mér gaman að rósum og dreymir um betri aðstöðu til ræktunar“ segir Hermann.

Það er ekkert sem heitir venjulegur vinnudagur hjá Hermann, enda sinnir hann allskonar verkefnum út um allt sveitarfélag. Hann segist kunna að meta fjölbreytileikann í vinnunni, það sé gott að vera á ferðinni og honum myndi leiðast að sitja á sama stað. Kíminn bætir hann við að svo séu vinnufélagarnir svo sem líka skemmtilegir.

Hermann hefur séð um aðal samkomustaði sveitarfélagsins, gámasvæðin, síðan árið 2016 sem hann segir einkar skemmtilegt og þar hafi gengi á ýmsu í gegnum tíðina; „Stjórn málaumræður og ýmislegt fleira. Þar er tekist á um hreppapólitík og stundum með miklum gusti“.


Hann segir marga vel gert í sveitarfélaginu en finnst Þingeyjarsveit eiga að setja meiri kraft í atvinnuuppbyggingu, þar megi gera betur.




Ef þú mættir velja þér ofurkraft, hvaða kraftur væri það?

„Ég myndi vilja kraft til þess að skreppa á tunglið, þar myndi ég slaka á og njóta útsýnisins“.

ÍBÚAFUNDIR UM LÍFRÆNAN ÚRGANG



Við breytingar á lögum um meðhöndlun á úrgangi er óheimilt að urða lífrænan úrgang með öðru sorpi. Umhverfisnefnd hefur því um nokkurt skeið leitað leiða til að meðhöndla lífrænan úrgang. Þar sem sorphringur sveitarfélagsins er um 1.100 km þykir sá kostur að sækja lífrænan úrgang á öll heimili ekki vera fýsilegur m.t.t. kostnaðar og umhverfisáhrifa. Umhverfisnefnd hefur því verið að kynna sér aðra kosti.




Nú er komið að því að kynna þessa vinnu fyrir íbúum og fá þeirra innlegg!



Fundartímar

- 11. nóvember í Skjólbrekku kl. 17:00
- 12. nóvember í Ýdölum kl. 17:00
- 13. nóvember í Stórutjarnarskóla kl. 17:00
- 13. nóvember kl 20:00 í netheimum á Teams.



Umhverfisnefnd hvetur íbúa til að mæta og taka þátt í þessari mikilvægu vinnu!



LEIKSKÓLAKENNARI ÓSKAST

Leikskólakennari og/eða deildarstjóri óskast til starfa við leikskólann YI í Mývatnssveit sem fyrst. Um er að ræða 100% starf.

Ylur er tveggja deilda leikskóli í Mývatnssveit en grunnskólinn Reykjahlíðarskóli og leikskólinn Ylur eru samreknir. 21 nemandi er í leikskólanum á aldrinum 1 árs til 5 ára. Leikskólinn er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á heilsuefningu, vináttu, leik og útikennslu. Mikið og gott samstarf er á milli leik- og grunnskólans og íþróttamiðstöðvarinnar. Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan starfsmann. Leitað er að einstaklingi með góða hæfni og lipurð í samskiptum ásamt góðri þekkingu og reynslu af leikskólastarfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt stefnu og skipulagi skólans undir stjórn yfirmanns.
- Vinna í nánu samstarfi við foreldra/forráðafólk nemenda
- Taka þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við yfirmann
- Sinna verkefnum er varða uppeldi og menntun nemenda sem yfirmaður felur honum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun, uppeldismenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta
- Reynsla af starfi leikskólakennara er mikill kostur

Við leitum að starfsfólki sem

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum
- Er lausnamiðað og vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Hefur reynslu/menntun af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum

Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi, hreint sakarvottorð og hafa náð þrepi C1 í íslensku.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Umsóknir skulu sendast á skólastjóra hjordis@reykjahlidarskoli.is Með umsókn skal fylgja greinagóð ferilskrá, kynningarbréf og meðmælendur. Nánari upplýsingar um leikskólann er hægt að finna á

<https://www.reykjahlidarskoli.is/leikskoli>

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Hjördís Albertsdóttir, hjordis@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375.



FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

NÓVEMBER

- 7. Fræðslu- og velferðarnefnd
- 11. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
- 12. Íþróttu- og tómstundanefnd
- 14. Umhverfisnefnd
- 20. Skipulagsnefnd
- 21. Byggðarráð
- 26. Viðtalstími í Mývatnssveit
- 28. Sveitarstjórn

Smelltu [HÉR](#) til að lesa síðustu fundargerð sveitarstjórnar.

Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðamaður: Dagry Þéarsdóttir-hlaupastelpan@is.is - s: 8953366

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á [heimasíðu](#) Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK



Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í nóvember:

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri
20. og 27. nóvember frá kl. 9-15 í Gíg.

Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs
20. nóvember frá 9-15 í Gíg.

Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs
Á þriðjudögum frá 10-14 í Gíg.

Rögvaldur Harðarson byggingarfulltrúi
12. og 26. nóvember frá 10-14 í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi.

Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið:

thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800

Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista
Þingeyjarsveitar og fáðu sendar
fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

**Skráðu þig á póstlista
sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is
og fáðu allar fréttir sendar beint til
þín!**

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 1. árg. 9. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingeyjarsveit, Kjarna á Laugum

Sími: 512 1800

Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is